

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 2005

11. janúar 2005

87

Nr. 65

## AUGLÝSING

### **ríkisskattstjóra nr. 4/2005 á reglum um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2005.**

1. Frestur vegna umsókna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2005 er til 4. apríl nk. vegna einstaklinga, en til 31. maí 2005 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofn vegna tekjuársins 2004 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2003 og að álögð gjöld 2005 muni að lágmarki verða 20.000 kr. lægri en við álagningu 2004.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með skattframtali 2005 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2005 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar og er úrskurður ríkisskattstjóra endanlegur.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1041/2004 og taka þegar gildi.

*Reykjavík, 11. janúar 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson** vararíkisskattstjóri.

13. janúar 2005

Nr. 66

## AUGLÝSING

### **um deiliskipulag frístundalóðar í landi Úlfarsfells II við Hafravatn, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, landnr. 125 533, í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. nóvember 2004.

Deiliskipulagið nær til einnar frístundalóðar sem er 3.100 m<sup>2</sup> norðan við Hafravatn. Gerir tillagan ráð fyrir einu frístundahúsi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 13. janúar 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.